

## JÓLAGLEÐIN



UM ÁRAMÓTIN er skammt stórhátíða á milli í Norður heimi. Þá koma Jólin, er ungir og gamlir fagna allra daga mest. Það má einu gilda hver skoðun manna er, hverju þeir trúu, hvaða grein menn gjöra sér um helgi þeirra, Jólin eru hátíða mest. Þau eru hin sérkennilega hátíð Norðurlandanna. Ljósahátíðin forna, þegar norðurhvel jarðar fer aftur að komu betur og betur fram í dagsbirtuna og sólargeislarnir að falla beinna og beinna niður á fannirnar og ísbreiðurnar. Það hræði til fagn aðar og gleði þá, er fyrir algleymdum öldum sóttu stríðið fyrir lífsviðurhaldi sínu af ofurkappi, og það snertir enn sama strenginn í hjörtum sona þeirra og dætra ósjálfrátt.

„Sólin blessuð vermi þig,“ sagði fífillinn, Það er góð og gild ósk enn þá.

Um margar vikur og daga er upphimins loftið að kólna, hiti jarðar að stíga upp til skýjanna og upp fyrir skýin og týnast út í geininn. Á sama tíma er kuldinn meir og meir að safnast fyrir. Norðurhvel vott þrengir sér meir og meir inn skuggana og frostið les sig fastara ofan í moldina. Löngu næturnar senda kvíða hroll í gegnum hverja taug manna og dýra. Baráttan fyrir tilverunni hardnar. En svo lengist ekki nóttin lengur, og daginn styttir ekki lengur. Sólargeislarnir fara aftur að verma upphimins loftið og eftir fáa mánuði fer jörðinni að hlýna, og af himni að falla regn, í stað fanna og snjóa. Náttúran sjálf gengur í lið með mönnum og dýrum, að verja illum dauða!

Góð tíðindi! Gleðilegur boðskapur, er viðkemur öllum. Friður á jörðu og velþóknun yfir mönnum!

Fjárhirðarnir gömlu, er vöktu yfir hjörðum sínum um nætur, fundu til þessa. Það var sezt að veizlu, etið og drukkið. Er daginn tók að lengja, komu gleðileg jól, og hátíðin haldin með soðveizlum og ölteiti. Gleðióp mannanna, reykurinn upp frá hlóðunum og gufan frá soðkötunum, stigu í þrífningu upp frá jörðunni til himna.